

Mál nr. 132/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem hestur varð fyrir í hestagerði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.4.2016.

Bréf V, dags. 4.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu M, dags. 29. febrúar 2016, hafði hann deginum áður rekið hross í hestagerði til að til að taka tvö hross í hans eigu úr hópnum. Fyrst hafi annað hrossið verið tekið og hin hrossin látnar bíða í gerðinu í rúma klukkustund uns síðara hrossið yrði tekið. Þegar að var komið til að taka síðara hrossið lá eitt hross í eigu B fótbrotið fast í hliðgrind og þurfti að aflífa það. Í málskoti kemur fram að M og starfsmenn hans hafi ekki hugsað út í að nýbúið var að gefa hrossunum skammt frá gerðinu sem sennilega hafi orsakað óróleika í hópnum.

M hefur í gildi ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá V. Hefur hann krafist þess að tjón sem B varð fyrir við það að aflífa þurfti hrossið verði bætt úr ábyrgðartryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að M beri skaðabótaábyrgð á tjóni B.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. í vátryggingarskilmálum sem gilda um ábyrgðartryggingu þá sem M hefur hjá V tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á vátryggðan, þ.e. M í því tilviki sem hér um ræðir, vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Einnig er tekið fram í 4. gr. skilmálanna að vátryggingin taki ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um að hann beri viðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Það er því skilyrði þess að tjón bætist úr vátryggingunni að M beri skaðabótaábyrgð á tjóninu samkvæmt gildandi íslenskum rétti, eins og áréttað er í 1. gr. skilmálanna. M getur á hinn bóginn ekki notið verndar ábyrgðartryggingarinnar hafi hann lofað B bótum þegar skaðabótaábyrgð hefur ekki stofnast.

Sú almenna regla gildir í skaðabótarétti að sá sem gerir skaðabótakröfu á hendur öðrum verður að sanna að sá sem krafinn er beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem krafan er reist á. Þannig verður B í reynd að sýna fram á að M beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hlaust við það að hestur hans festist í hliðgrindinni með þeim afleiðingum að aflífa þurfti hann. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að það hafi verið saknæmt af hálfu M eða starfsmanna hans að reka hrossin í gerðið og geyma þau þar í um klukkustund. Þá verður heldur ekki séð að sú skýring sem fram kemur í málskoti að hugsanlegur óróleiki í hrossunum eftir að búið var að gefa þeim kunni að hafa valdið því að hrossið festist í hliðgrindinni og fótbrotnaði. Liggur því ekki fyrir að M beri skaðabótaábyrgð á tjóni B sem leitt getur til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingunni. Hann getur því ekki krafist þess að V bæti tjónið.

Niðurstaða.

Tjón B bætist ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.